



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 01.02. 2019 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú hækkar sólin stöðugt á lofti og hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúar er genginn í garð með sínum verkefnum og áskorunum.

Í dag hófum við 100 miða leikinn en það er árlegur viðburður í skólastarfinu. Leikurinn stendur yfir í tvær vikur og er markmiðið með honum að hvetja nemendur til að fara eftir SMT skóla-reglunum. Starfsmenn gefa 10 nemendum á dag sérstaka hrósmiða sem eru settir á spjald með reitum merktum frá 1 til 100. Búið er að velja vinningsröð á spjaldinu og kemur svo í ljós í lok leiks hvaða nemendur eru í vinningsröðinni. Það gerum við á sal þegar leiknum er lokið. Nú er búið að úthluta okkur útivistardegi í Hlíðarfjalli en hann verður þann 21. mars. Búið er að breyta þessum degi á skóladagatalinu á heimasíðunni en hann var upphaflega settur þann 28. febrúar. Við vonum svo að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir þann 21. en varadagurinn er 22. mars.

Nú stendur nemendaráð fyrir „furðufataviku“ og má sjá hér aftar í bréfinu hvernig hún er skipulögð. Þetta er skemmtilegt uppbrot í skólastarfinu og gaman ef margir taka þátt.

Við minnum svo á að klæða sig vel eftir veðri ekki síst þeir sem fara út í frímínútur. Það er óskaplega kalt þessa dagana en vissulega í leiðinni afskaplega fallegt vetrarveður.

Bestu kveðjur,

Ólöf Inga

Á döfinni í febrúar:

1. febrúar	Dagur stærðfræðinnar
4. — 8. febrúar	Furðufatavika í skólanum. Sjá bls. 3.
6. febrúar	Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk — undankeppni í bekk.
8. febrúar	Íþróttamót á unglingastigi
13. febrúar	Opið hús fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga kl. 9 — 11
20. febrúar	Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk — lokakeppni á sal



Febrúar er tileinkaður

Ábyrgð

Regla mánaðarins er

„Við flokkum rétt“

Heimsókn frá Félagi fagkvenna

Á föstudaginn fengu nemendur á yngsta stigi góða heimsókn. Félag fagkvenna kom og ræddi við nemendur um iðngreinar og að þær séu fyrir bæði kynin og kynntu í leiðinni hin ýmsu störf í iðnaði. Markmið félagsins er að kynna iðnstörf og efla konur í þeim störfum sem talin eru vera karllæg. Heimsóknin samanstóð af kynningu af hálfu gestanna og í seinni hlutanum fengu nemendur að prófa að bora, skrúfa og fengu fræðslu um ýmislegt er viðkemur iðngreinum og iðntengdum störfum. Hér að neðan má sjá myndir frá þessari skemmtilegu heimsókn.



20.000 miða hátíð

Fimmtudaginn 11. janúar sl. fögnuðum við þeim áfanga að hafa náð 20.000 hrósmiðum. Ýmislegt hefur verið gert af þessu tilefni undanfarin ár en í ár kom Einar Mikael töframaður til okkar og var með töfrasýningu og voru nemendur hæstánægð með sýninguna. Hátíðin heppnaðist einstaklega vel og hér má sjá myndir af nemendum og starfsfólki fylgjast með sýningunni.



Furðufatavika

- 4. feb. mánudagur: Myrkradagur, svört föt, vasaljós, slökkt ljós í fyrstu tveimur kennslustundunum.
- 5. feb. þriðjudagur: Hattadagur (allskonar hattar) – má vera með höfuðföt í matsal þann daginn.
- 6. feb. miðvikudagur: Náttfatadagur (má koma með teppi og bangsa).
- 7. feb. fimmtudagur: Föt á röngunni (fötum snúið við).
- 8. feb. föstudagur: Íþróttaföt (íþróttadagurinn).

MATSEÐILL - febrúar 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1. Makkarónugrautur og ávextir
4. Lasagna, grænmeti	5. Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa og ávextir	6. Svínasnitsel, kartöflur, rauðkál og grænar baunir	7. Snakkfiskur, hrísgrjón og salatbar	8. Aspassúpa og brauð
11. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	12. Gulrótabuff, hrísgrjón og salatbar	13. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa og ávextir	14. Kjúklingur, kryddkartöflur, brún sósa og grænmeti	15. Skyr, brauð og álegg
18. Fiskistangir, hrísgrjón, sósa og ávextir	19. Sænskar kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa og grænmeti	20. Pizza	21. Lambagúllas, kartöflur, og salat	22. Rjómalagað kjúklingapasta og grænmeti
25. Gratínfiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	26. Soðið slátur, kartöflur og jafningur	27. Soðin ýsa, kartöflur, rúg-brauð og ávextir	28. Samlokur með skinku, osti og sósu	